„Áhyggjur og upphengi“

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Gallerí Borg verða næstu dagana til sýnis nokkur ný verk eftir þá **Magnús Kjartansson** og **Jón Axel Björnsson.**

Báðir eru þessir menn í framvarðarlínu íslenzkra myndlistarmanna og eiga sér þegar nokkuð stóran hóp tryggra aðdáenda og velunnara. Magnús Kjartansson sýnir 4 stór myndverk í blandaðri tækni, sem unnin eru á ljósnæman filmupappír, sem gefur þeim sérstaka áferð, sem ég persónulega felli mig ekki við nema í einstaka tilviki. En aftur á móti eru þetta frísklegar og kröftulega unnar myndir sem staðfesta styrk Magnúsar sem myndlistarmanns. Föngin eru sótt í frumstæða list, krot barna og unglinga, og minnir útkoman á margt sem áður hefur verið gert af svipuðu tagi en hefur þó sterk persónueinkenni frá Magnúsi sjálfum.

Einnig sýnir Magnús nokkur einþrykk (mónótýpur), sem hann vinnur á gler og þrykkir síðan á blað. Einþrykkið býr yfir margvíslegum möguleikum og hér eru einnig oftlega notaðar kopar- og zinkplötur og árangurinn þrykktur á japanpappír líkt og í tréristunni.

Einn skúlptúr er samanstendur af 8 digrum lóðum er og í glugga sýningarsalrins, og nefnir listamaðurinn hann „Áhyggjur“ og hefur Magnús gefið hann SÁÁ-samtökunum til yndisauka og upplyftingar í húsakynnum þeirra. Heiti verksins er myndað með einum bókstaf á hverjum lóði.

Myndir Jóns Axels Björnssonar eru allar unnar á striga og með hinum klassísku olíulitum. Eru þær allar málaðar á yfirstandandi ári. Jón Axel hefur haslað sér völl í fremstu röð íslenzkra nýbylgjumálara á fáeinum árum og hann bregst ekki að þessu sinni því í myndum hans skynjar maður vissar breytingar til fjölþættara táknmáls á myndfletinum.

Þótt ekki séu margar myndir á veggjum Gallerí Borgar þessa dagana þá er sterkur og hressilegur svipur yfir framkvæmdinni, sem á ekki að heita formleg sýning, heldur upphengi sýningarsalarins á verkum þessara tveggja framsæknu myndlistarmanna. Framtakið er ágætt og eykur á fjölbreytni athafnasemi Gallerí Borgar.


Sem sagt gott . . .



Magnús Kjartansson við verk sín.



Eitt af verkum Jóns Axels Björnssonar á sýningunni.



klippir niður eða rífur með höndunum.

Myndirnar eru vel og samviskulega gerðar og heildarsvipur sýningarinnar er svo jafn og samræmdur að öldungsins óþarfi er að vísa til ákveðinna mynda. Gæði þeirra haldast í hendur og það væri jafnvel ógjörningur að benda á eina mynd öðrum betri eða aðra hinum lakari.

Þetta er bæði kostur sem löstur eftir því hvernig litið er á málið, en óneitanlega saknar maður þess að listakonan taki meiri áhættu í ljósi þess að þetta er frumraun hennar. Hins vegar þykir það kostur hjá hinum þróaðri listamönnum að sýna svona jöfn vinnubrögð.

Frumleg getur sýningin naumast talist en hefði þó þótt mikill viðburður fyrir nokkrum áratugum. En sem frumraun er sýningin verð allrar virðingar og vinnubrögðin eru í háum gæðaflokki miðað við það sem gerist um ungt fólk nú á dögum.

Í myndum Guðrúnar er jöfn og hæg stígandi og hún stillir litunum í hóf, notar ýmiss konar áferð og margvísleg efni, virðist lita það sjálf á stundum og getur það á köflum jafnvel fengið dálítinn svip af batík.

Þetta er falleg sýning sem ber vandaðri skapgerð vitni ásamt miklum meðfæddum hagleik og verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu.

Nýtt námskeið

Gestalt-meðferð er fyrir heilbrigða og miðar að því að koma okkur í samband við tilfinningar okkar og leysa úr læðingi þá lífsorku og lífsgleði sem í okkur býr.

Gestalt-meðferð hjálpar okkur að sættast við okkur sjálf og til aukinnar vellíðunar.

Gestalt-námskeið hefst 28. okt. og verður á þriðjudögum næstu 6 vikur frá kl. 20.00—22.45.

Leiðbeinandi er Daníel A. Daníelsson

Íslenski Gestalt-skólinn.
Sími 18795.

PORTOBELLO'S
Peysur og jakkapeysur

NÝKOMNAR



-herra-
GARÐURINN
Aðalstræti 9, sími 12234.